

Fimmtudaginn 16. október 1997.

Nr. 457/1996. **Lögreflufélag Akraness**

(Gylfi Thorlacius hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Verksamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1996 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 741.720 krónur ásamt dráttarvöxtum af nánar tilgreindum fjárhæðum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. janúar 1994 til greiðsludags, allt að frádregnum 265.800 krónum, sem greiddar voru 8. mars 1996. Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi fellst á þá niðurstöðu héraðsdóms, að komist hafi á samningur milli áfrýjanda og þáverandi embættis bæjarfógetans á Akranesi 19. janúar 1988 um það, að áfrýjandi tæki að sér að þrifa lögreglubifreiðir og lögregluvarðstofu utanhúss. Hér fyrir dómi deila því aðilar eingöngu um, hvort áfrýjandi eigi rétt á að fá greitt samkvæmt samningnum fyrir þríf, sem fóru fram eftir 1. desember 1993.

Svo sem segir í héraðsdómi, var ekkert ákvæði um uppsagnarfrest í samningnum 19. janúar 1988. Hins vegar var í 6. gr. hans kveðið á um, að hann gildi í eitt ár frá og með 1. október 1987, en að hann framlengdist um eitt ár í senn, yrði honum ekki sagt upp.

Sumarið 1993 hætti sýslumannsembættið á Akranesi að greiða reikninga, sem áfrýjandi framvísaði samkvæmt samningnum. Samkvæmt framburði manns, sem var gjaldkeri áfrýjanda á því ári, var honum tjáð á skrifstofu sýslumannsembættisins, að ekki væri lengur heimilt að inna af hendi greiðslur eftir samningnum. Kvað gjaldkerinn synjun greiðslu hafa verið studda með því að vísa til umsagnar Ríkisendurskoðunar. Formaður áfrýjanda bar fyrir dómi, að greiðsl-

um hefði verið hætt á þessum tíma. Er óumdeilt, að greiðslur féllu niður frá og með 1. júlí 1993. Verður því að telja, að stjórn áfrýjanda hafi verið fullljóst, að sýslumaðurinn á Akranesi teldi sér ekki lengur fært að standa við samninginn og hann álitir jafnframt, að samningnum hefði verið sagt upp í verki.

Pegar lítið er til þess, sem áður greinir um efni 6. gr. samningsins, þykir eðlilegt að miða við, að hann hafi fallið niður ekki síðar en frá og með 1. október 1993. Af því leiðir, að áfrýjandi gat krafist umsaminnar greiðslu til þess dags, en þar sem málinu er ekki gagn-áfrýjað, verður að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. nóvember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. október sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 19. febrúar sl. og birtri 28. febrúar sl.

Stefnandi er Lögreglufélag Akraness, kt. 490381-0669, Þjóðbraut 136, Akranesi.

Stefndu eru Sigurður Gizurarson, kt. 020339-4709, sýslumaður á Akranesi, f. h. sýslumannsembættisins á Akranesi, kt. 490169-5399, Suðurgötu 57, Akranesi, og fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, kt. 181043-4669, f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2828. Réttargæslustefndi er dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins, kt. 500169-7619.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 741.720 kr., ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Þá er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara eru þær kröfur gerðar, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að 18. janúar 1988 gerðu Lögreglufélag Akraness, stefnandi máls þessa, og bæjarfógetaembættið á Akranesi með sér samning um þrif á lögreglubifreiðum embættisins og önnur nauðsynleg þrif, m. a. utanhúss. Samkvæmt samningnum skyldi embættið greiða fyrir þrifin einu

sinni í mánuði gegn framvísun reiknings, sem samþykktur væri af yfirlög-regluþjóni eða fulltrúa bæjarfógeta. Átti að greiða fyrir 20 klukkustunda vinnu á mánuði fyrir þrif á lögreglubifreiðum, en fyrir 10 klukkustundir á mánuði fyrir önnur þrif. Skyldi greiðsla því miðuð við 30 klst. í yfirvinnu í 8. þrepi í launaflokki flokksstjóra án álags. Í samningnum voru ákvæði um, að hann gildi í eitt ár í senn frá og með 1. október 1987, og skyldi hann fram-lengjast um eitt ár í senn, væri honum ekki sagt upp. Tryggvi Bjarnason, fulltrúi bæjarfógeta, undirritaði samninginn fyrir hönd embættisins. Mun hafa verið greitt samkvæmt þessum samningi fram á mitt ár 1993, en stefn-andi hefur ekki fengið greiðslur samkvæmt samningnum síðan í júnímánuði það ár.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 30. nóvember 1993, til sýslumannsins á Akranesi var krafist skýringa á ofangreindum samningi, sem kvað á um þrefalt hærri greiðslur fyrir þrif á lögreglubif-reiðum og utanhússþrif en gilda áttu samkvæmt fyrirráðuneytisins frá 14. júní 1985 og ítrekuð hefðu verið í bréfi 10. febrúar 1989. Í tveimur síðastgreindum bréfum hefði sérstaklega verið tekið fram, að allar stað-bundnar reglur féllu niður. Með bréfi, dagsettu 2. desember 1993, gerði stjórn stefnanda, Lögreglufélags Akraness, stefnda, sýslumanninum á Akranesi, grein fyrir afstöðu sinni og minnti á uppsagnarákvæði samnings-ins og taldi samninginn enn í gildi, þar sem honum hefði ekki verið sagt upp í samræmi við ákvæði hans. Í bréfinu voru færð rök fyrir því, að greitt hefði verið fyrir 20 klukkustundir. Í bréfinu er lýst þeirri skoðun, að stefndi hafi fullt umboð til þess að gera samninga við starfsmenn sína án afskipta ráðuneytisins. Í bréfi stefnda, sýslumannsins á Akranesi, til dómsmálaráðu-neytis, dagsettu 7. desember 1993, kemur fram, að hann hafi ítrekað þau fyrirráði til lögreglumanna, að umframgreiðslum skyldi þegar hætt.

Með bréfi, dagsettu 15. nóvember 1994, var stefnda, sýslumanninum á Akranesi, sent kröfubréf vegna ógreiddra reikninga í samræmi við ofan-greindan samning. Var kröfunni hafnað með bréfi, dagsettu 30. nóvember 1994, og með bréfi lögmanns stefnanda til dóms- og kirkjumálaráðuneytis-ins, dagsettu 21. desember 1994, var óskað atbeina þess í málinu. Í bréfi ráðuneytisins, dagsettu 28. desember 1995, var því lýst, að stefnandi hefði ekki fengið greitt fyrir þrifin frá 1. júlí 1993, og megi félaginu vera orðið ljóst, að lögreglustjórinn á Akranesi telji sig óbundinn af samningnum. Taldi ráðuneytið, að með bréfi þess frá 10. febrúar 1989 hefði samningnum í raun verið sagt upp og greiðslur eftir það til stefnanda án heimildar og um-fram skyldu. Taldi ráðuneytið óhugsandi, að lögreglufélagið eða einstakir félagsmenn þess hefðu verið í góðri trú um það eftir 1. júlí 1993, að samn-

ingur þeirra væri enn í gildi. Ráðuneytið taldi þó rétt, þar sem upplýst hefði verið, að lögreglumenn á Akranesi hefðu haldið áfram þrífum á lögreglubifreiðum, að greiða stefnanda fyrir þríf frá 1. júlí 1993 til ársloka 1995, 886 kr. á klst. miðað við 10 klst. á mánuði. Samkvæmt gögnum málsins voru stefnanda greiddar 265.800 kr. 8. mars sl. í samræmi við þessi fyrirmæli ráðuneytisins.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reikningum nr. 35 og 36, gefnum út árið 1993, reikningum nr. 36, 22, 1, 2, og 6, gefnum út árið 1994, reikningum nr. 8 og 9, gefnum út í janúar 1995, reikningum nr. 7 og 8, gefnum út í febrúar 1995, reikningum nr. 14 og 17, gefnum út í mars 1995, reikningum nr. 15 og 18, gefnum út í apríl 1995, reikningum nr. 16 og 19, gefnum út í maí 1995, reikningum nr. 20 og 24, gefnum út í júní 1995, reikningum nr. 21 og 25, gefnum út í júlí 1995, reikningum nr. 26 og 22, gefnum út í ágúst 1995, reikningum nr. 23 og 27, gefnum út í september 1995, og reikningum nr. 29 og 30, gefnum út í desember 1995, og er samanlögð fjárhæð reikninganna 741.720 kr.

Stefnandi vísar til þess, að komist hafi á milli aðila samningur um þríf, sem á engan hátt brjóti gegn lögum og ekki hefur verið sagt upp í samræmi við ákvæði hans og sé því í fullu gildi. Hafi fulltrúi bæjarfógeta haft fullt umboð til þess að undirrita samninginn og skuldbinda embættið, og auk þess hafi embættið um árabíl greitt samkvæmt samningnum án athugasemda og þannig staðfest gildi hans. Hafi stefnandi hvorki vitað né mátt vita um fyrirmæli þau, sem ráðuneytið hafði beint til embættisins. Þá verði ekki litið svo á, að almenn fyrirmæli ráðuneytisins til allra lögreglustjóra á landinu frá 10. febrúar 1989 jafngildi uppsögn á samningnum. Hafi bréf þetta aldrei verið sent stefnanda og hann því ekki mátt þekkja efni þess.

Stefnandi vísar til meginreglna kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, sbr. 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Einnig vísar stefnandi til meginreglna samningaréttar um umboð og ógilda löggerna. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga, og krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu.

Af hálfu stefndu er skírskotað til þess, að umræddur samningur hafi upphaflega verið gerður andstætt fyrirmælum dómsmálaráðuneytis og hann því verið ólögmætur. Hafi forsvarsmenn stefnanda ekki verið grandlausir, enda hljóti þeir að hafa vitað eða mátt vita um fyrirmæli ráðuneytisins. Hafi sýslumaður í kjölfar fyrirspurnar ráðuneytisins gefið lögreglumönnum þau

fyrirmæli í desember árið 1993, að ekki yrði greitt meira fyrir þrif en reglur ráðuneytisins ráðgerðu. Verði að líta svo á, að sýslumaður hafi með fyrir-mælum sínum sagt upp samningnum, hafi hann einhvern tíma mátt teljast gildur, og mátti þessi uppsögn vera fyrirsvarsmönnum stefnanda kunnug. Þá benda stefndu á, að enginn þeirra reikninga, sem fjallað er um í málinu, eru samþykktir af yfirlögreglubjóni eða fulltrúa sýslumanns. Sé því einsýnt, að reikningarnir eiga ekki við áðurnefndan samning að styðjast og því ósannað, að umrædd þrif hafi farið fram.

Til stuðnings varakröfu vísa stefndu til þess, að samningnum hafi áreiðanlega verið sagt upp árið 1993, sbr. bréf sýslumanns, dagsett 7. desember 1993. Þá er einnig á það bent, að greiðsla á 265.800 kr. til stefnanda samkvæmt fyrir-mælum ráðuneytisins verði metin fullnaðargreiðsla.

Stefndu mótmæla upphafstíma dráttarvaxta, og sé ekki hægt að dæma dráttarvexti nema frá 15. desember 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að einhverjum reikningum hafi verið framvísað. Af öðrum reikningum verði vextir ekki reiknaðir nema frá þeim degi, er þeim var framvísað.

Stefndu vísa til II. kafla laga nr. 7/1936, einkum 11. gr., og 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Til stuðnings kröfum um málskostnað vísa stefndu til XXI. kafla laga nr. 91/1991. Stefndu fallast ekki á, að stefndu beri að greiða stefnanda virðisaukaskatt, eins og krafan er orðuð.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um gildi samnings, sem fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi gerði við forsvarsmenn stefnanda 19. janúar 1988 um þrif utan-húss og á lögreglubifreiðum. Ljóst er af gögnum málsins, að samningurinn var í andstöðu við fyrir-mæli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 14. júní 1985, sem ítrekuð voru í bréfi til allra lögreglustjóra 10. febrúar 1989. Það er álit dómsins, að ósannað sé, að forsvarsmönnum stefnanda hafi verið kunnugt um ofangreind fyrir-mæli ráðuneytisins eða þeim hafi mátt vera ljóst, að fulltrúi bæjarfógeta hefði farið út fyrir umboð sitt við samningsgerðina. Hefur því komist á fullgildur samningur milli aðila um áðurgreind þrif, og haggar umboðsskortur fulltrúans því ekki gildi samningsins gagnvart stefnanda.

Af gögnum málsins er ljóst, að greiðslur samkvæmt samningnum hættu að berast á miðju ári 1993. Mátti forsvarsmönnum stefnanda þá vera ljóst, að efasemdir höfðu risið um gildi samningsins. Í samningnum er uppsagnar-ákvæði, og hefur stefnandi borið fyrir sig, að samningnum hafi aldrei verið sagt upp og sé því í fullu gildi. Telja verður nægilega upplýst í máli þessu, að stefndi, sýslumaðurinn á Akranesi, hafi gefið forsvarsmönnum stefnanda þau fyrir-mæli um mánaðamót nóvember/desember 1993, að umframgreiðsl-

um skyldi hætt. Hlaut forsvarsmönnum stefnanda að vera ljóst eftir það, sem á undan var gengið, að ofangreind fyrirmæli sýslumanns fælu í sér uppsögn á samningnum. Í umræddum samningi voru ekki ákvæði um tiltekinn uppsagnarfrest, og féll samningurinn því úr gildi, um leið og fyrirmæli sýslumanns komu til vitundar forsvarsmanna stefnanda, sem telja verður, að hafi verið í síðasta lagi 2. desember 1993.

Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytis voru stefnanda 8. mars sl. greiddar 265.800 kr. fyrir þrif frá 1. júlí 1993 til ársloka 1995, og var þá miðað við 886 kr. á klst. miðað við 10 klst. vinnu á mánuði. Stefndu eiga því enn eftir að greiða stefnanda samkvæmt margnefndum samningi fyrir 20 klukkustunda vinnu á mánuði frá 1. júlí 1993 til loka nóvember sama ár. Verður niðurstaða máls þessa því sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda 88.600 krónur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. desember 1994, en þá var mánuður liðinn, frá því að kröfubréf var sent stefndu. Dráttarvextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 15. desember 1995.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, sýslumaðurinn á Akranesi og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnanda, Lögreglufélagi Akraness, 88.600 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. desember 1994 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 15. desember 1995.

Málskostnaður fellur niður.
